

Umhverfis- og auðlindastefna Hafnarfjarðar

apríl 2025



Hafnarfjörður

Efnisyfirlit

Umhverfis- og auðlindastefna Hafnarfjarðarbæjar	3
1. Auðlindir, náttúra og menningarminjar	4
2. Mengunarvarnir og umhverfisvöktun	5
3. Neysla og úrgangur	6
4. Samgöngur og skipulag	7
5. Umhverfisfræðsla	8
6. Byggingar og framkvæmdir	9
Stefnur og annað efni sem horft var til	10



Umhverfis- og auðlindastefna Hafnarfjarðarbæjar

Markmið umhverfisstefnunnar er að tryggja öllum íbúum Hafnarfjarðarbæjar heilnæmt og öruggt umhverfi til lífs, leiks og starfs. Taka skal tillit til hennar í allri starfsemi sveitarfélagsins. Hafnarfjörður skal leitast við að vera í fararbroddi í sjálfbærni og umhverfismálum, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og myndunar úrgangs.

Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu og verndun náttúru og auðlinda. Mengun verði í lágmarki og umhverfisvöktun sé virk.

Eftirfarandi stefna er byggð á Umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem samþykkt var 18. maí 2018. Stefnan sjálf var endurskoðuð, atriði tekin út sem eiga ekki lengur við og önnur sett inn. Auk þess er horft til sameiginlegrar loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins sem samþykkt var 11. ágúst 2023 og settar fram aðgerðir sem geta stuðlað að kolefnishlutleysi Hafnarfjarðar árið 2035. Í stefnunni felst einnig loftslagsstefna Hafnarfjarðar. Einnig er horft til Heildarstefnu Hafnarfjarðarbæjar sem samþykkt var 6. apríl 2022 og Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Heimsmarkmið sem horft er til og tengjast áherslum stefnunnar:



Markmiðin í Umhverfisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru sett fram í sex köflum. Innan hvers kafla eru settar fram áherslur og aðgerðir sem líklegar eru til að skila árangri og ná fram settum markmiðum stefnunnar.

Höfundar endurskoðaðrar stefnu eru:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Helga Björg Loftsdóttir, Jón Atli Magnússon, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Íris Lind Sæmundsdóttir, Ragna Halldórsdóttir og Guðmundur Elíasson.

1. Auðlindir, náttúra og menningarminjar

Stefnt er að því að Hafnarfjörður verði í fararbroddi sveitarfélaga á Íslandi við verndun náttúrunnar, auðlinda og menningarminja. Bærinn skal hafa það að leiðarljósi að standa vörð um gæði náttúrunnar og styðja eins og kostur er við fullnægjandi rannsóknir og upplýsingar um ákvarðanir sem hafa áhrif á hana. Hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun skal höfð að leiðarljósi við skipulag, framkvæmdir og starfsemi í bæjarlandinu.



Áherslur

- 1.1. Við nýtingu auðlinda skal leitast við að lágmarka óafturkræfar breytingar á náttúru og umhverfi.
- 1.2. Stuðlað verði að verndun náttúrunnar í landi bæjarins með friðun landsvæða og hverfisvernd þar sem við á.
- 1.3. Leitast skal við að lágmarka sóun náttúruauðlinda og nýta þær með sjálfbærum hætti.
- 1.4. Náttúra, auðlindir og menningarminjar skulu vöktuð með skipulögðum hætti og upplýsingar um þær gerðar sem sýnilegastar.
- 1.5. Hafnarfjörður styður við frumkvæði vísindastofnana að rannsóknum á náttúrufari í landi bæjarins.
- 1.6. Spornað verði við ágangi ágengra tegunda í lífríkinu til verndar vistkerfum og menningarminjum.
- 1.7. Við nýtingu auðlinda skal stefnt að því að tækifæri fólks til að njóta náttúru og umhverfis skerðist sem minnst.
- 1.8. Við skipulag og landnýtingu í bæjarlandinu verði þess gætt að tækifæri til verndunar og endurheimtar vistkerfa skerðist ekki.
- 1.9. Sveitarfélagið fari á undan með góðu fordæmi og beiti vistvænum aðferðum við meðhöndlun skordýra og illgresis í bæjarlandinu.
- 1.10. Almenningsgangnakerfi, göngu- og hjólaleiðir tengist helstu útivistarsvæðum í bæjarlandinu.
- 1.11. Líffræðilegum fjölbreytileika náttúruminja við útivistarsvæði skal viðhalda og vernda og ráðist í endurheimt vistkerfa þar sem því verður við komið.



2. Mengunarvarnir og umhverfisvöktun

Kappkostað verður að koma í veg fyrir hvers kyns mengun og draga úr henni eins og kostur er. Fylgst verður reglubundið með loftgæðum, mengun sjávar við strendur, í lækjum, vötnum og grunnvatni, svo og gróðri og jarðvegi. Hljóðmælingar verða gerðar við stórar umferðaræðar og þar sem tilefni er til. Niðurstöður umhverfisvöktunar verða birtar eins fljótt og auðið er með aðgengilegum hætti.

Bærinn beitir sér með virkum hætti fyrir því að fyrirtæki í Hafnarfirði viðhafi virka umhverfisstjórnun og beiti fullnægjandi tækni við mengunarvarnir.



Áherslur

- 2.1. Hafnarfjörður kolefnisjafnar áfram rekstur stofnana sinna. Sveitarfélagið stefnir að því að uppfylla markmið sem sett eru fram í sameiginlegri loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og nái kolefnishlutleysi 2035 eins og fram kemur í stefnunni. Jafnframt hvetur sveitarfélagið atvinnulífið í bænum til að gera slíkt hið sama.
- 2.2. Auka skal afhendingaröryggi vatnsveitunnar og tryggja að gæði og afköst uppfylli kröfur í lögum og reglugerðum.
- 2.3. Umhverfisvöktun skal tryggja heilnæmi umhverfisþátta svo sem heilnæmi grænmetis og berja, vatns og jarðvegs við baðstaði, loftgæði og hljóðmengun.
- 2.4. Menguð svæði í landi Hafnarfjarðar verði kortlögð og upplýsingar um þau gerðar aðgengilegar íbúum eftir því sem við á.
- 2.5. Stefnt skal að því að draga úr loftmengun, sérstaklega vegna svifryks.

3. Neysla og úrgangur

Skilvirk meðhöndlun úrgangs hefur í för með sér fjárhagslegan, samfélagslegan og umhverfislegan ávinning fyrir sveitarfélög og íbúa þeirra. Úrgangsmál eru hluti af lögbundinni grunnþjónustu sveitarfélaga og mikilvægur málaflokkur innan reksturs þeirra.

Hafnarfjarðarbær hefur lagt til ílát til íbúa til að gera þeim flokkun úrgangs sem einfaldasta og grenndarstöðvar í nærumhverfi fyrir það sem ekki fer í tunnur við heimili. Sjálfbærri neyslu, aukinni neysluvitund og úrgangsforvörnum verður gert hærra undir höfði í takt við áherslu hringrásarhagkerfisins. Stuðlar það að betri flokkun úrgangs, minni sóun og meiri endurnýtingu.

Verulega skal dregið úr notkun á einnota umbúðum og vörum og að innkaup bæjarins og undirverktaka þess verði umhverfisvæn. Dregið verði úr allri sóun eftir fremsta megni með vitundarvakningu og fræðslu.

Hafnarfjörður einsetur sér að þjónusta íbúa og fyrirtæki með skilvirkri söfnun úrgangs sem stuðlar að bættri hráefnisnýtingu í takt við áherslur hringrásarhagkerfisins. Hringrásarhagkerfið er forsenda ákvarðana á sviði úrgangsforvarna, sjálfbærrar auðlindanýtingar og minni losunar gróðurhúsalofttegunda.



Áherslur

- 3.1 Sveitarfélagið setur sér það markmið að úrgangsforvarnir verði viðhafðar á öllum sviðum í starfi sveitarfélagsins.
- 3.2 Hafnarfjarðarbær framfylgi áherslum hringrásarhagkerfisins.
- 3.3 Áfram skal unnið að því að minnka hlutfall óflokkaðs úrgangs til urðunar.
- 3.4 Draga skal úr matarsóun hjá stofnunum, fyrirtækjum og heimilum bæjarins.
- 3.5 Við innkaup á vöru og þjónustu skal taka tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða.
- 3.6 Upplýsingar um söfnun úrgangs og áherslur í hringrásarhagkerfi og flokkun verði á heimasíðu bæjarins.
- 3.7 Hafnarfjarðarbær lágmarkar orkunotkun í rekstri

4. Samgöngur og skipulag

Í samgöngum er stefnt að því að auka hlutgangandi, hjólandi og notenda almenningssamgangna og tekið verði mið af því við gerð aðalskipulags, deiliskipulaga og samgöngumannvirkja. Þannig verði skipulag og rekstur samgöngumannvirkja miðuð við að allir bæjarbúar eigi kost á að komast leiðar sinnar með öruggum og vistvænum hætti. Einnig að áhersla verði lögð á útivistar- og dvalarsvæði við skipulag bæjarins og gert ráð fyrir uppbyggingu áningarstaða og gönguleiða. Gerðar verði kröfur um séruppdrætti að lóðum við fjölbýlishús og opinberar byggingar.



Áherslur

- 4.1. Við skipulag og gerð hjóla- og göngustíga verði öryggi, greiðfærni og upplifun notenda höfð að leiðarljósi.
- 4.2. Við skipulag byggðar verði horft til þess að hún sé þróuð inn á við og þétt, ekki síður en að víkka enn frekar út til óbyggðra svæða.
- 4.3. Í auknum mæli verði byggð blönduð þar sem íbúðarhúsnæði, þjónusta og atvinnustarfsemi fara saman í samræmi og sátt hvert við annað.
- 4.4. Hugað verði að sjálfbæru skipulagi þéttbýlis og sjálfbærni og vistvænni hugsun í allri hönnun í ferli skipulags.
- 4.5. Í skipulagi verði gætt að góðri hljóðvist, loftgæði verði sem best og ljósmengun verði sem minnst á hverjum stað.
- 4.6. Hafnarfjarðarbær sýni gott fordæmi í gerð samgöngusamninga og kynni þá reglulega fyrir starfsfólki (til dæmis í nýliðafræðslu).
- 4.7. Áfram verði hvatt til uppbyggingar aðstöðu hvarvetna í bænum, sem styður vistvænar samgöngur, svo sem rafhleðslubúnaðar og vistvæns eldsneytis.
- 4.8. Hlutur virkra ferðamáta, svo sem göngu, hjólreiða og almenningssamgangna verði aukinn.
- 4.9. Horft skal til að leik-, æfinga- og dvalarsvæði innan bæjarmarkanna hafi fjölþætt notagildi.

5. Umhverfisfræðsla

Aðgengi bæjarbúa að upplýsingum um umhverfismál, í nærumhverfi sínu og landi bæjarins, skal vera til fyrirmyndar. Umhverfisvitund bæjarbúa verði aukið til að bæta lífsgæði og vernda náttúruna með því að umgangast umhverfi og náttúru af þekkingu og virðingu. Sérstök áhersla verði á að styðja við leik- og grunnskólastarf með viðeigandi innviðum og fræðslu fyrir starfsfólk skólanna.



Áherslur

- 5.1 Skýrar upplýsingar um úrgangsmál verði á heimasíðu bæjarins.
- 5.2 Stuðla að menntun starfsfólks og íbúa í sjálfbærni og hvernig vinna megi að því að ná markmiðum bæjarins í að draga úr loftmengun, bæta flokkun úrgangs og minnka sóun.
- 5.3 Fræðsla um gildi náttúrunnar og menningarverðmæta í landi bæjarins verði aukið til muna með það að markmiði að auka vitund um mikilvægi náttúruverndar.
- 5.4 Menntun til sjálfbærni verði leiðarljós í öllum leik- og grunnskólum auk tómstundamiðstöðva Hafnarfjarðarbæjar.
- 5.5 Úti-/grenndarkennsla verði eflað fyrir alla skóla með aðgengi að stöðum og upplýsingum um náttúru og samfélag í öllum skólhverfum í Hafnarfirði, til dæmis fyrir stöðvavinnu af ýmsum toga.
- 5.6 Barnvænt samfélag, jafnrétti og almenn mannréttindi sé hluti af menntun til sjálfbærni.
- 5.7 Hafnarfjarðarbær stuðli að fræðslu um gildi útivistar og hreyfingar í samræmi við lýðheilsustefnu sveitarfélagsins.

6. Byggingar og framkvæmdir

Hafnarfjarðarbær vinnur markvisst að því að minnka kolefnisspor við byggingar og framkvæmdir og hefur sett fram framsæknar áherslur sem stuðla að því að draga úr kolefnisspori í bænum. Áherslur í útboðsgögnum eru gerðar, svo sem kröfur um hlutfall vistvænna véla, endurnot og endurnýting jarðvegsefna frá framkvæmdum aukin og gefinn er afsláttur af lóðarverði og opinberum gjöldum fyrir umhverfisvottaðar byggingar.

Hafnarfjarðarbær hvetji til þess að tilfallandi efni og úrgangi frá uppbyggingu og nýbyggingu verði lágmörkuð og efni endurnýtt innan svæðis. Jarðvegsflokkun skal aukin og efni sem falla til við jarðrask verði endurnýtt í grennd við byggingarsvæðið þar sem því verður við komið.



Áherslur

- 6.1 Hafnarfjarðarbær byggir og framkvæmir með vistvænum hætti og styður við umhverfisvænar byggingar og framkvæmdir.
- 6.2 Hafnarfjarðarbær hvetur til þess að áður en farið er í verkefni tengdum þéttingu byggðar verði kolefnisfótspor framkvæmda reiknað með tilliti til nýtingar á húsum sem fyrir eru í stað þess að rífa þau.
- 6.3 Hafnarfjarðarbær haldi áfram að styðja við uppbyggingu innviða sem stuðla að orkuskiptum.
- 6.4 Við gerð útboðsgagna og skilmála verða sett fram ákvæði sem hvetja til vistvænna framkvæmda.
- 6.5 Hafnarfjarðarbær styðji við og hvetji til endurnýtingu jarðvegs.
- 6.6 Hafnarfjarðarbær stuðlar að skilvirkri flokkun úrgangs á byggingasvæðum í samræmi við lögbundnar kröfur.

Stefnur og annað efni sem horft var til

við endurskoðun umhverfis- og auðlindastrefnu

- Heildarstefna Hafnarfjarðarbæjar
- Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins
- Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna
- Í átt að hringrásarkerfi
- Skýrslan Mannlíf, byggð og bæjarrými
- Stefna um meðhöndlun úrgangs 2021 – 2032

Framkvæmd og eftirfylgni

Í þeim tilfellum sem aðgerð er unnin á fleiri en einu sviði er merkt við það svið sem ber ábyrgð á framkvæmdinni með X.

Kaflí 1: Auðlindir, náttúra og menningarminjar

Markmið	Aðgerð	Fjölskyldu- og barnamálasvið	Mennta- og lýðheilsusvið	Umhverfis- og skipulagssvið	Þjónustu- og bróunarsvið	Fjármálasvið	Stjórnáslusvið
1.1	Gerð verði sérstaklega grein fyrir þeim breytingum sem ætla má að verði á náttúru og umhverfi áður en ákvörðun er tekin um nýtingu auðlinda.			X			
1.2 1.3	Skilgreina þarf áherslur og markmið um vöktun og verndun náttúru-, auðlinda- og menningarminja og upplýsingar um þær gerðar sem sýnilegastar.			X			
1.4	Koma skal á framfæri leiðbeiningum og fræðslu um hvernig megi draga úr sóun náttúruauðlinda og nýta þær með sjálfbærum hætti. Sem dæmi má nefna vatn, hita og rafmagn.				X		
1.5	Gera skal farveg fyrir móttöku umsókna um stuðning við rannsóknir á náttúrufari í landi bæjarins.				X		
1.6 1.9	Árlega skal endurskoða áætlanir um aðgerðir til að sporna við ágangi ágengra tegunda í lífríki bæjarins til verndar vistkerfum og menningarminjum. Sveitarfélagið fari á undan með góðu fordæmi og beiti vistvænum aðferðum við meðhöndlun skordýra og illgresis í bæjarlandinu.			X			
1.7 1.10	Við nýtingu auðlinda skal skoða hvaða áhrif nýtingin hefur á tækifæri fólks til að njóta náttúru og umhverfis þannig að þau skerðist sem minnst.			X			



	Hafnarfjarðarbær vinnur að bættum tengingum útivistasvæða við almenningssamgangnakerfi, göngu og hjólaleiða.						
1.8	Við skipulagsvinnu skal þess gætt að tækifæri til verndunar og endurheimtar vistkerfa skerðist ekki. Til dæmis með því að reikna kolefnisspor af breytttri landnotkun og hlífa vistgerðum sem binda mikið kolefni.			X			
1.11	Gerð verði greining og aðgerðaráætlun um viðhald og verndun vistkerfa í landi Hafnarfjarðar td sem verkefni fyrir háskólanema eða félagasamtök			X			
2.1	Fyrirtæki verði hvött til að bera virðingu fyrir umhverfinu og sýna ábyrgð í umhverfismálum, til dæmis með því að setja sér stefnu í málaflokknum. Hafnarfjörður kolefnisjafni áfram rekstur sinn, meðal annars með skógrækt og endurheimt votlendis.				X		
2.2	Skoða skal leiðir til aukinnar vatnsöflunar og afhendingaröryggis, til dæmis með nýju vatnsbóli og styrkingu dreifikerfisins.			X			
2.3	Skilgreina þarf áherslur og markmið um umhverfissvöktun í sveitarfélaginu, svo sem við heilnæmi grænmetis og berja, vatns og jarðvegs við baðstaði, loftgæði og hljóðmengun. Upplýsingar varðandi umhverfissvöktun í landi Hafnarfjarðar verði reglulega uppfærðar og gerðar aðgengilegar.			X			
2.4	Yfirlitskort yfir menguð svæði í Hafnarfirði verði gert aðgengilegt, til dæmis með því að setja það inn í kortasjá.			X			
2.5	Götusópun og snjómokstur verði bætt til muna og í kjölfarið hvatt til minni notkunar nagladekkja.			X			
3.1 3.2	Hafnarfjarðarbær standi fyrir viðburðum sem stuðla að endurnýtingu hluta/textils, til dæmis með skiptimörkuðum, pop-up				X		

	viðburðum og komi upp aðstöðu eða styrkja rekstur nytjamarkaðar td með að skaffa húsnæði eða gera einhvers konar hvata fyrir rekstraraðila Íbúar og fyrirtæki skulu hvött til að draga úr notkun einnota umbúða og vöru með áherslu á sjálfbæra neyslu og lágmörkun sóunar. Fyrirtæki í Hafnarfjarðarbæ verði hvött til að bjóða vistvænar eða umhverfismerktar vörur og vörur framleiddar í heimabyggð. Hafnarfjarðarbær notist ekki við einnota umbúðir innan stofnana sinna eða á viðburðum á vegum bæjarins. Við endurnýjun húsgagna eða annarra nýtilegra hluta skal reynt að koma þeim í endurnýtingu.						
3.3 3.6	Gera skal árangur flokkunar sýnilegan og nýta til hvatningar til að gera enn betur.				X		
3.4	Mælingar skulu gerðar á matarsóun stofnana sveitarfélagsins. Hvetja til lágmörkunar matarsóunar. Gerð skal árleg skýrsla um úrgangsmál og flokkun.			X			
3.5	Við innkaup skal gera kröfu um vistvænar rekstrarvörur, td skal velja umhverfisvottaðar vörur og þjónustu sé þess kostur, vistvænan búnað og gera hvatakerfi sem styður umhverfisvænar framkvæmdir í útboðum. Setja skal fram áætlun um hvernig hvetja megi atvinnulífið og íbúa til að draga úr sínu kolefnisspori.					X	
3.7	Stöðugt skal skoða leiðir til að spara í orkunotkun t.d með stýringu á götuljósum og orkunotkun og kyndingu í stofnunum			X			
4.1	Stefnt skal að auknum hlut almenningssamgangna, hjólréiðafólks og gangandi vegfarenda í samgöngukerfinu.			X			

	Við skipulag og gerð hjóla- og göngustíga verði öryggi, greiðfærni og upplifun notenda höfð að leiðarljósi. Þessu má til dæmis ná fram með lækkuðum hámarkshraða, fækkun akreina og bílastæða, og tekin upp bílastæðagjöld, þar sem við á. Mótað verði verklag um gerð gönguleiða og áningarstaða sem taka sérstaklega mið af náttúruvernd við hönnun og framkvæmdir. Aðgengi að almenningssamgöngum verði skipulagt með tilliti til vetrarþjónustu og biðskýlum fjölgað.						
4.2	Við skipulag byggðar verði horft til þess að hún sé þróuð inn á við og þétt, ekki síður en að víkka enn frekar út til óbyggðra svæða.			X			
4.3	Skýrslan Mannlíf, byggð og bæjarrými skal meðal annars höfð til hliðsjónar við skipulagsvinnu við gerð blandaðrar byggðar þar sem íbúðarhúsnæði, þjónusta og atvinnustarfsemi fara saman í samræmi og sátt hvert við annað			X			
4.4	Í ferli skipulagshönnunar skal hugað að sjálfbærni skipulagi þéttbýlis og sjálfbærni og vistvænni hugsun.			X			
4.5	Í skipulagi verði gætt að góðri hljóðvist, loftgæði verði sem best og ljósmengun verði sem minnst á hverjum stað.			X			
4.6	Hafnarfjarðarbær endurskoði árlega samgöngusamninga, þeir verði endurbættir og aðlagðir fleiri samgönguháttum en eingöngu strætó. Tryggja skal að upplýsingar um samgöngusamninga séu kynntar starfsfólki.						X
4.7	Stutt verður við uppbyggingu á aðstöðu hvarvetna í bænum, sem styður vistvænar samgöngur, svo sem rafhleðslubúnaðar og vistvæns eldsneytis.			X			

	Hafnarfjarðarbær skal koma upp rafhleðslubúnaði og reiðhjólaaðstöðu við stofnanir bæjarins. Göngur og hlaup teljast til vistvænna samgangna og í stofnunum bæjarins skal gert ráð fyrir aðstöðu til að starfsfólk geti þvegið sér og haft fataskipti.						
4.8	Áfram skal unnið að uppbyggingu stígakerfis og stutt við bættar almenningssamgöngur, svo sem Borgarlínu. Útfærsla og vegstæði Borgarlínu verði mótuð þannig að hún henti íbúum og fyrirtækjum Hafnarfjarðar sem best.			X			
4.9	Við skipulagsvinnu skal horft til þess að leik-, æfinga- og dvalarsvæði innan bæjarmarkanna hafi fjölþætt notagildi. Íbúar verði hvattir til að nýta sér fjölbreytta útivistarmöguleika í bæjarlandinu árið um kring.			X			
5.1	Upplýsingar varðandi loftmengun, úrgang, árangur í flokkun hjá bænum og fleira skulu gerðar aðgengilegar og skilmerkilegar og í takt við hugmyndafræði hringrásar-hagkerfisins.				X		
5.2 5.7	Virkja upplýsingaskjái á starfsstöðvum til að miðla upplýsingum um hvernig megi draga úr loftmengun, bæta flokkun úrgangs og minnka matarsóun. Einnig upplýsingum um samgöngustyrki, líkamsræktarstyrki og fleira. Miðlar Hafnarfjarðarbæjar skulu auka áherslu á umhverfis- og náttúruverndarmálefni. Haldin verði námskeið / vinnustofur fyrir íbúa til að draga úr neyslu eins og td. Matreiðslu-, sauma- og viðgerðarnámskeið. Nýta miðla bæjarins til að benda á hvar nálgast má fræðsluefni.				X		
5.3	Gera þarf fræðsluefni um gildi náttúrunnar og menningarverðmæta í		X				

	landi bæjarins. Til dæmis mætti setja inn efni í ratleik bæjarins sem styður við þessi atriði.					
5.4 5.6	Fræðsla verði í leik- og grunnskólum um sjálfbæra neyslu, hringrásarhagkerfi, lágmörkun úrgangs og að góðri flokkun sé fylgt eftir. Barnvænt samfélag, jafnrétti og almenn mannréttindi skulu einnig vera hluti af fræðsluefni. Hafnarfjarðarbær verði með hvatningarverðlaun til skóla/miðstöðva sem sýna frammúrskarandi árangur í menntun til sjálfbærni á árinu.		X			
5.5	Tryggt verði að aðstaða fyrir úti- og grenndarkennslu sé til staðar fyrir alla skóla og upplýsingar um náttúru og samfélag í öllum skólahverfum í Hafnarfirði, til dæmis fyrir stöðvavinnu af ýmsum toga sé aðgengilegt.		X			
6.1 6.2	Hafnarfjarðarbær velji umhverfissvottun eða fylgi Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð í eigin framkvæmdum. Halda skal áfram með hvatakerfi fyrir umhverfissvottaðar byggingar eða framkvæmdir. Skoða fýsileika þess að setja skilyrði um kolefnisútreikninga í skipulag eða lóðasamninga þar sem bornir eru saman valkostir um niðurrif eða endurnýtingu byggingarhluta eða -efna.		X			
6.3	Undirbúa með veitufyrirtækjum aðgengi að rafmagni eða öðrum vistvænum orkugjöfum á eða nálægt framkvæmdarsvæðum.		X			
6.4	Gera þarf hvatakerfi í útboðum þar sem til dæmis er hvatt til notkunar á vistvænum efnum, að verktakar hafi virka umhverfisstefnu, að verktakar kolefnisjafni rekstur sinn o.s.frv.			X		

	Setja skal kröfur um flokkun úrgangs í samræmi við lögbundnar kröfur inn í skilmála.						
6.5	Útbúa þarf hvata sem stuðlar að því að endurnýting jarðvegs við framkvæmdir og byggingar verði sem mest. Einnig skal við jarðrask hugað að endurnýtingu mosa.			X			
6.6	Sveitarfélagið skal setja kröfur um frekari flokkun úrgangs á byggingarsvæðum í samræmi við lögbundnar kröfur inn í skipulagsskilmála.			X			